



## SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Reykjavík 8. janúar 2015

**Til allra sveitarfélaga**

1512047SA VÓHS  
Málalykill: 09.34

### **Efni: Bréf til sveitarfélaga vegna vinnu um samræmda lóðaafmörkun**

Vísað er til fundar sem haldinn var að frumkvæði forsætisráðuneytisins, sem fram fór hinn 11. desember sl. á skrifstofu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Á fundinum var kallað eftir ábendingum frá sambandinu um samræmda afmörkun lóða innan sveitarfélaganna þar sem væru að finna mannvirki á vegum orkufyrirtækjanna. Forsætisráðuneytið telur þörf á að hefja vinnu við að samræma reglur, verklag og ferla um afmörkun lóða og skilgreina hvað eigi að vera inn á lóðarblöðum, í samstarfi við Þjóðskrá og Samband íslenskra sveitarfélaga. Stefnt er að því að drög að tillögum verði kynnt opinberlega í mars 2016.

Ekki er ennþá búið að afmarka lóðir undir stórar virkjanir eins og t.a.m. Kárahnjúka, Sigöldu, Sultartanga og Búrfellsvirkjun. Í einhverjum tilfellum eru mannvirki orkufyrirtækjanna staðsett á þjóðlendum og að hluta til á eignalandi. Einnig eru dæmi um að mannvirki séu í fleiri en einu sveitarfélagi. Þá getur það verið mismunandi milli sveitarfélaga hvaða mannvirki séu sett innan nýrrar lóðar og greidd fasteignagjöld af til viðkomandi sveitarfélags.

Þar sem orkufyrirtækin eru haghafar og þurfa að eiga í talsverðum samskiptum við sveitarfélögin vegna framkvæmda innan þeirra, mun forsætisráðuneytið hefja vinnuna og halda utan um verkefnið. Það er samdóma álit forsætisráðuneytisins, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Þjóðskrár og orkufyrirtækjanna að mikilvægt sé að fyrir liggi skýr stefna um það hvernig haga skuli afmörkun lóða innan sveitarfélaga þar sem er að finna mannvirki, stíflur, stöðvarhús og lón á vegum orkufyrirtækjanna.


### **Fyrirspurn til sveitarfélaga**

Eftir fund framangreindra aðila, var ákveðið að kalla eftir ábendingum og athugasemdum frá sveitarfélögum um þá vinnu sem framundan er. Til nánari afmörkunar og skýringar, óskar sambandið eftir athugasemdum og ábendingum sveitarfélaga um hvort þau hafi einhverjar athugasemdir á eftirfarandi nálgun:

„Að mati Sambands íslenskra sveitarfélaga, forsætisráðuneytisins og Þjóðskrár skal við það miða að allar þær framkvæmdir sem eru framkvæmdaleyfisskyldar séu skilgreindar innan lóða og að allt það landsvæði sem raskast vegna framkvæmda orkufyrirtækjanna innan viðkomandi sveitarfélags, verði skilgreint innan lóðar. Af þeim mannvirkjum innan lóðar verði greidd fasteignagjöld.“

Óskað er eftir því að svör berist sambandinu eigi síðar en **þriðjudaginn 1. mars 2016**, fyrst ef einhverjar athugasemdir eru.

Virðingarfyllt  
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA



---

Guðjón Bragason  
sviðsstjóri lögfræði- og velferðarsviðs